

Efnahagshorfur 2020-2022:

Brotist í gegnum kófið

Hagspá Arion banka
9. júní 2020



Samantekt


- Þau áhrif sem COVID-19 hefur haft, og mun hafa, á íslenskt efnahagslíf þarf ekki að tíunda. Spurningin sem við stöndum frammi fyrir er ekki hvort, heldur hversu mikið er hagkerfið að dragast saman. **Spá Arion banka gerir ráð fyrir 8,2% samdrætti á árinu 2020.**
- Útlit er fyrir að nær allir undirliðir landsframleiðslunnar leggist á eitt í ár, að hinu opinbera undanskildu sem vinnur á móti samdrættinum í gegnum samneyslu og fjárfestingu. **Utanríkisverslun spilar lykilhlutverk í samdrættinum**, enda hafa stærstu útflutningsgreinarnar beðið skipbrots. **Ferðamannaspá Arion banka gerir ráð fyrir að rúm hálf milljón ferðamanna leggi leið sína til landsins í ár**, sem samsvarar 80% samdrætti milli ára á seinni helmingi ársins.
- Ferðaþjónustan er gríðarlega vinnuafsfrek grein og hefur tekjutap greinarinnar nú þegar haft djúpstæð áhrif á vinnumarkað landsins. Gert er ráð fyrir að **atvinnuleysi nái hámarki í haust** þegar uppsagnarfrestir renna sitt skeið og að **atvinnuleysi verði að meðaltali tæp 9%** yfir árið. Atvinnuleysið stoppar þó stutt í þessum hæðum og sígur eftir því sem hagkerfið nær vopnum sínum á ný.
- Aðstæður á vinnumarkaði og samdráttur í utanlandsferðum Íslendinga draga úr einkaneyslunni, **þrátt fyrir raunlaunahækkanir**. Þó líkur séu á að tölur Hagstofunnar um 0,9% einkaneysluvöxt á 1F verði endurskoðaðar niður á við hafa þær engu að síður áhrif á spá ársins, sem hljóðar upp á **6,6% samdrátt**. Þróun kortaveltu undanfarnar vikur benda hins vegar til **hraðari viðspyrnu en margir eflaust væntu**. Hættan er sú að annað högg skelli á einkaneyslunni þegar líða tekur á haustið og atvinnuleysi nær hæstu hæðum.
- Spáin gengur út frá þeirri forsendu að samdráttur í utanlandsferðum Íslendinga sé áþekkur samdrættinum í komum ferðamanna. Sú forsenda endurspeglast í verulegum innflutningssamdrætti í ár. **Vegna þessa er reiknað með að viðskiptaafgangurinn haldi velli.**
- Líklegt er að horfur um viðskiptaafgang hafi áhrif á fjárfestingarákvarðanir innlendra aðila og að erlendir fjárfestingar þeirra glæðist á nýjan leik. **Slíkt gæti sett veikingarþrýsting á gengi krónunnar til skemmri tíma** en til lengri tíma litið er útlit fyrir að krónan hafi gengið í gegnum nauðsynlega aðlögun og að lítilsháttar **styrking sé í kortunum eftir því sem utanríkisverslun tekur við sér.**
- Vaxtalækkunar Seðlabankans hafa skilað sér til heimilanna og blásið lífi í húsnæðismarkaðinn. Þó spáin geri ráð fyrir að atvinnuleysi og efnahagsslaki hafi betur og **leiði til lítilsháttar lækkunar húsnæðisverðs** hefur lengi vel verið greypt í þjóðarsálina að fjárfesta í steinsteypu. **Lágvaxtaumhverfið og áskoranir sem því fylgja fyrir fjárfesta mun eflaust auka aðdráttarafi fasteigna sem fjárfestingakosts.**
- Þó útlit sé fyrir að **verðbólgan stígi tímabundið yfir markmið** þegar líða tekur á árið útilokar sú þróun ekki frekari vaxtalækkunar. Vextir eru hins vegar orðnir lágir og áhrif vaxtatækisins fara þverrandi. Reiknað er með **miklum samdrætti atvinnuvegafjárfestingar** í ár, þrátt fyrir sögulega lága vexti.
- Aðgerðir ríkisins og Seðlabankans eru til þess fallnar að milda efnahagshöggið. Þá eru margir aðrir þættir sem vinna með hagkerfinu og ferðaþjónustunni, s.s. skuldastaða heimila og fyrirtækja, erlend staða þjóðarbúsins, strjálbýli og góður árangur í baráttunni gegn COVID-19. Ein af þeim áskorunum sem hagkerfið stendur frammi fyrir á þessum tíma er að **koma þeim fjármunum sem verið er að losa um í vinnu, hvort sem það er neyslu eða fjárfestingu og koma þannig hjólum atvinnulífsins af stað.**




Ísland í dag

Mótsagnir hér, þar og alls staðar! Á sama tíma og flugumferð er í mýflugumynd, atvinnuleysi í sögulegum hæðum, opinberir aðilar að grípa til róttækra aðgerða og nýjasta spá Seðlabankans stútfull af drungalegum fyrirsögnum er þjóðin í óðaönn að undirbúa sig undir grill-, potta- og útilegusumarið mikla.

Umferð um Keflavíkurlugvöll



Heildarjöfnuður ríkissjóðs – ma.kr. á nafnvirði



Mesti samdráttur á friðartímum frá kreppunni miklu

... og mesti samdráttur útflutnings frá upphafi

... sem yrði mesti samdráttur á einu ári í heila öld




Spáð mesta efnahags-samdrætti á einu ári í heila öld




Mikil fækkun starfa og vinnustunda og atvinnuleysi í sögulegar hæðir

Skráð atvinnuleysi skv. VMST



Meginvextir Seðlabanka Íslands



Trampólín uppseld og garðhúsgögn rjúka út

© 04.05.2020 - 14:37




Beðið eftir sendingum af heitum pottum



Fordæmalausir tímar...

... (og ekki bara vegna þess að hagfræðingar eru sammála). Það er athyglisvert að á sama tíma og efnahagsleg óvissa er gríðarleg eru spár greiningaraðila óvenju samhljóða – hríðarkóf í ár, birtir til á því næsta.

Hagvaxtarspár 2020-2022




„Þegar aðstæður breytast skipti ég um skoðun“ – oft á fjórðungi!

Mikill, meiri, minni samdráttur

- Starf efnahagsgreinanda á Íslandi hefur verið óvenju viðburðarmikið síðustu 18 mánuði. Fyrir rúmu ári síðan varð WOW air gjaldþrota. Strax í kjölfarið sendi Arion banki frá sér efnahagspá þar sem spáð var 1,9% samdrætti árið 2019. Raunin? 1,9% hagvöxtur, þvert á væntingar.
- Vonandi verður þróunin í ár sambærileg, það er að segja að efnahagsspárnar þokist upp á við eftir því sem líður á árið vegna sterkari viðspyrnu og bjartari horfa en áður var talið. Það þarf ekki að tíunda óvissuna og getur brugðið til beggja vona. **Þannig gæti önnur bylgja faraldursins reynst efnahagsbatanum óþægur ljár í þúfu en einnig gæti bati útflutningsgreinanna reynst þróttmeiri, sérstaklega ferðaþjónustunnar.**


Hagvaxtarspár Arion banka fyrir árið 2020



Kófið knýr fram kreppu í ár


Það er útlit fyrir að nær allir undirliðir landsframléiðslunnar leggist á eitt í ár, að hinu opinbera undanskildu sem vinnur á móti samdrættinum í gegnum samneyslu og fjárfestingu. Utanríkisverslun spilar lykilhlutverk í samdrættinum, enda hafa stærstu útflutningsgreinarnar beðið skipbrots, en samdráttur einkaneyslu og fjárfestingar vegur einnig þungt.

Hagspá Arion banka - framlag undirliða




Hvað það verður veit nú enginn, vandi er um slíkt að spá

Fjöldi erlendra gesta um Keflavíkurflugvöll - milljónir




- Þrátt fyrir fyriráætlanir um að draga úr ferðatakmörkunum þýðir það ekki að erlendir ferðamenn muni streyma til landsins. Ferðavilji í heiminum er almennt takmarkaður vegna útbreiðslu COVID-19 en einnig hafa fjölmörg heimili orðið fyrir tekjutapi sem takmarkar ferðagetu.
- Vegna óvissunnar sem uppi er, og endurspeglast meðal annars í breiðu bili sviðsmynda Ícelandair um farþegafjölda, er réttara að kalla ferðamannaspánnu hér að ofan rökrétta ágiskun miðað við þær forsendur sem liggja fyrir. **Spáin byggir á grunnsviðsmynd Ícelandair og áætlunum annarra flugfélaga sem fljúga, eða hafa flogið, hingað til lands.** Eftir því sem fleiri lönd stíga skref í átt til landamæraopunar berast sífellt fleiri jákvæðar fréttir um áhuga á Íslandi. Vel má því vera að spáin fyrir næsta ár sé of svartsýn – þó öðrum gæti þótt hún of bjartsýn! Eins og staðan er í dag er engin ein skoðun eða spá réttari en aðrar, og líklega eru þær allar jafn rangar.

Hlutdeild Ícelandair í komum ferðamanna til landsins




Farþegafjöldi Ícelandair – milljónir, sviðsmyndir Ícelandair




Þrír þættir sem munu eflaust styðja við íslenska ferðapjónustu horft fram á veginn

Landið er strjálbýlt, orðið ódýrari fyrir ferðamenn og státar af góðum og áreiðanlegum gögnum yfir baráttuna við COVID-19, svo ekki sé minnst á góðan árangur í baráttunni við veiruna.


50 strjálbýlustu lönd heims – íbúar á km²



Raungengi – hlutfallslegt verðlag




Fjöldi nýrra COVID-19 smita á dag



Engin útflutningsgrein er undanskilin kófinu

Þó ferðapjónustan verði fyrir mestum búsifjum í ár vegna útbreiðslu COVID-19 kemur veiran, og þá fyrst og fremst aðgerðir til að draga úr útbreiðslu hennar, einnig illa við kaunin á öðrum útflutningsgreinum, svo sem sjávarútvegi og álframleiðslu.


Útflutningur - framlag undirliða




Vinumarkaðshöggjö er þyngst fyrir ferðapjónustuna en einskorðast ekki við hana

Áður en COVID-19 lét á sér kræla voru blikir á lofti á vinnumarkaði. Atvinnuleysi var tekið að stíga og einskorðaðist sú þróun ekki við ferðapjónustuna.


Fjölgun/fækkun ferðamanna og ferðapjónustustarfa á milli ára



Skipting minnkaðs starfshlutfalls á atvinnugreinar í apríl




Ársbreyting heildarvinnustunda og atvinnupátttaka




Andstæður á vinnumarkaði

Á sama tíma og atvinnuleysi nær áður óþekktum hæðum er kaupmáttur launa að aukast, mældur út frá launavísitölunni, eitthvað sem margir hafa velt vöngum yfir að undanfögnu. Þetta er þróun sem er Íslendingum ókunn, enda hefur í gegnum tíðina verið lagt kapp á að viðhalda háu atvinnustigi á kostnað verð- og gengisstöðugleika.

Atvinnuleysi – VMK Hagstofunnar



Laun og raunlaun – breyting frá fyrra ári




- Atvinnuleysisspáin hér að ofan miðar við **vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands**. Einstaklingar í minnkuðu starfshlutfalli tímabundið, í svokallaðri hlutabótaleið, reiknast ekki inn í atvinnuleysistölu skv. vinnumarkaðsrannsókninni, ólíkt skráðu atvinnuleysi Vinnumálastofnunar. Gert er ráð fyrir að atvinnuleysi nái hámarki síðsumars/haust þegar einstaklingar sem hafa misst vinnuna sl. vikur koma inn á atvinnuleysisskrá. **Útlit er fyrir að meðalatvinnuleysi yfir árið verði tæplega 9%, samanborið við 7,6% atvinnuleysi árið 2010.**
- Launavísitalan byggir á tímakaupi reglulegra launa í hverjum mánuði, þ.e.a.s. greidd mánaðarlaun fyrir umsaminn vinnutíma ásamt álags- og bónusgreiðslum sem gerðar eru upp á hverju launatímabili. **Hún endurspeglar þar af leiðandi ekki þær tekjur sem heimilin hafa á milli handanna**, en margir hafa orðið, og munu verða fyrir verulega tekjutapi í gegnum uppsagnir og minnkað starfshlutfall.



Einkaneyslan veldur heilabrotum

Einkaneyslan reyndist þrautseigari á 1F en væntingar stóðu til um. Þó tölur 1F verði mögulega færðar niður á við hefur þróun kortaveltu undanfarnar vikur bent til hraðari viðspyrnu en margir eflaust væntu. Spurningin er því, er tímabæra sumarklippingin og uppsafnaða neyslupörfin að ýkja tölurnar eða eru þær vísir að framhaldinu?

Kortavelta og einkaneysla – ársfjórðungsleg gögn, breyting frá fyrra ári á föstu gengi og verðlagi




14. maí 2020 / Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Mikill kippur í kortanotkun og vegaumferð eykst eftir rýmkun samkomubanns


26. maí 2020 08:00

Innlend kortavelta mikil framan af maí

Kortavelta einstaklinga – breyting milli ára á föstu gengi og verðlagi



Væntingavísitala Gallup




Einkaneyslan árið 2020: V eða W

Ferðatakmarkanir, samkomubann og stífgandi atvinnuleysi valda miklum einkaneyslusamdrætti í ár

- Samkvæmt áætlun Hagstofunnar jókst einkaneyslan um 0,9% á 1F, niðurstaða sem vakti undrun greiningaraðila. Þó líkur séu á að tölurnar verði endurskoðaðar niður á við hafa þær engu að síður áhrif á spá ársins, sem hljóðar upp á **6,6% samdrátt einkaneyslu**.
- **Samdrátturinn er dýpstur á 2F**, þegar boð, bönn, lokanir og takmarkanir náðu hámarki. Hluti neyslukörfu heimilanna var einfaldlega ekki fánlegur og ólíklegt að tapið verði unnið upp síðar á árinu, sérstaklega í tilfalli þjónustu.
- Þó **innlendar kortaveltutölur hafi glæðst á nýjan leik** með hækkandi sólu er hættan sú að annað högg skelli á einkaneyslunni í haust þegar uppsagnarfrestir renna sitt skeið og atvinnuleysi nær hámarki. Spáin gerir ráð fyrir V-laga ferli en áhættan fyrir haustið er niður á við – að einkaneyslan fylgi W-laga ferli.


Einkaneysla – raunbreyting frá fyrra ári



Ferðumst innanlands = flytjum inn minni ferðaþjónustu


Ferðalög Íslendinga til útlanda námu 18% af heildarinnflutningi í fyrra. Samdrátturinn í ferðalögum til útlanda einn og sér dugar til að draga verulega úr innflutningi í ár, en við það bætist samdráttur í vöruinnflutningi og öðrum þjónustuinnflutningi.

Brottfarir Íslendinga um KEF – í þúsundum




- Gengið er út frá þeirri forsendu í spánni að **hlutfallslegur samdráttur í ferðalögum Íslendinga til útlanda sé sambærilegur og hlutfallslegur samdráttur í komum ferðamanna til landsins.**
- Líkt og gildir um ferðamannaspánna er ómögulegt að magnreina áhrifin á utanlandsferðir Íslendinga með nákvæmum hætti eins og sakir standa. Þau munu að miklu leyti ráðast af ferðavilja Íslendinga, fjárhagslegri getu og tilslökunum ferðabanna annars staðar í heiminum. Dagsferð til Kaupmannahafnar einhver? Eða tveggja vikna sóttkví í London?

Samsetning innflutnings – í ma.kr. á verðlagi ársins 2019




Vöruinnflutningur í janúar – maí – ma.kr. á föstu gengi og breyting milli ára



Ferðabönn og ferðatakmarkanir, fjárfestingar og flugvélar (og súrál)

Hvað er mikill samdráttur í því? Samtals gerir spáin ráð fyrir rúmlega 23% innflutningssamdrætti í ár, fyrst og fremst vegna samdráttar í innfluttri þjónusta, það er að segja færri utanlandsferða Íslendinga.


Innflutningur - framlag undirliða



Prautseigasta hagstærðin: Viðskiptajöfnuðurinn

Viðskiptaafgangurinn heldur velli, þrátt fyrir allt


- Frá upphafi faraldursins hefur spá Arion banka gert ráð fyrir því að **viðskiptaafgangurinn muni halda velli**, þrátt fyrir þungbært högg á útflutningsgreinarnar.
- Ástæðan fyrir viðskiptaafganginum er fyrst og fremst mikill innflutningssamdráttur, sem vegur á móti útflutningssamdrættinum. Útflutningur dregst engu að síður meira saman en innflutningur, sem endurspeglast í minnkandi viðskiptaafgangi milli ára.
- **Samkvæmt spá Arion banka mun viðskiptaafgangurinn minnka úr 175 ma.kr. í fyrra í rúmlega 50 ma.kr. í ár.** Sé eingöngu horft til utanríkisverslunar, þ.e.a.s. viðskiptajafnaðar án frumpáttatekna og rekstrarframlaga, er afgangurinn töluvert minni.




Skjótt skipast veður á gjaldeyrismarkaði

Seðlabankinn fór úr því að sporna gegn veikingu í að sporna gegn styrkingu – á rúmum mánuði! Viðskiptaafgangur hefur stutt við erlenda fjárfestingu innlendra aðila. Á þessu ári og sérstaklega í vor hefur dregið úr útstreymi. Erlendir aðilar hafa haldið áfram að fjárfesta í hlutabréfum, svo sem Marel og Heimavöllum, sem að óbreyttu dregur úr nettóútlæði. Líklegt er að horfur um viðskiptaafgang og annað innstreymi, svo sem vegna fjárfestinga, muni ráða ákvörðun um erlenda fjárfestingu innlendra aðila og að hún aukist á seinni hluta ársins.


Velta á gjaldeyrismarkaði – í ma.kr.




Hreyfingar í verðbréfum og vöxtum liðna 12 mánuði



Inngrip Seðlabankans á gjaldeyrismarkað – í ma.kr.



Hreyfingar í verðbréfum og vöxtum frá áramótum




Styrking, veiking, styrking, styrking?

Gengisþróun krónunnar sl. vikur minnir um margt á upphafspunkt rússíbanareiðar – í upphafi er brött veiking sem er fylgt eftir með snarpri styrkingu. Hvernig lokar maður gengisspá í þannig árferði?

- Jafnvel þó viðskiptaafgangurinn haldi velli minnkar hann verulega milli ára, sem að öðru óbreyttu dregur úr flæði á gjaldeyrismarkaði. Eftir standa tveir turnar: **erlendir aðilar og lífeyrissjóðirnir**. Stóra spurningin í dag er hvað munu lífeyrissjóðirnir gera þegar heiðursmannasamkomulagið við Seðlabankann fellur úr gildi?
- **Spáin gerir ráð fyrir að lífeyrissjóðirnir haldi út við fyrsta tækifæri**. Þegar þetta er skrifað hefur krónan styrkst verulega á skömmum tíma og hefur Seðlabankinn séð sig knúinn til að bregðast við. Heppilegra væri að leyfa frjálst flæði á markaðnum í stað þess að nýta forða Seðlabankans. Frekari styrking hugnast Seðlabankanum líklega ekki, sem opnar á frekari flæði af hálfu lífeyrissjóðanna.
- **Spáin byggir einnig á þeirri forsendu að krónan hafi gengið í gegnum nauðsynlega aðlögun í mars og apríl** og að styrking sé í kortunum þegar hagkerfið taki við sér á nýjan leik.


Gengi krónunnar gagnvart evru – meðaltal ársfjórðunga




Vextir gætu lækkað meira á meðan verðbólgan dansar við markmið

Húsnæðisverð, lítil verðbólga í helstu viðskiptalöndum, lækkun hrávöruverðs og slaki í hagkerfinu vinna á móti gengisveikingu krónunnar og kostnaðarverðshækkunum og halda þar með verðbólgunni í skefjum. Gert er ráð fyrir að verðbólgan gægist yfir markmið undir lok árs en stoppi stutt við og fari niður í 1,6% undir lok næsta árs.

Verðbólga eftir eðli og uppruna



Meginvextir SÍ – m.v. verðbólguþá Arion banka




- Vaxtaspáin hér að ofan byggir á þeirri forsendu að atvinnuleysi nái hámarki á haustmánuðum og að fjárfesting taki ekki við sér fyrr en á næsta ári. **Vegna þessa er gert ráð fyrir vaxtalækkun á 3F.** Það má hins vegar vel færa rök fyrir því að frekari vaxtalækkun sé ekki aðkallandi, enda vextir orðnir sögulega lágir og vaxtatækið því bitlausara en áður. **Verkefnið í dag snýr að því að koma fjármunum í vinnu, hvort sem það er í neyslu eða fjárfestingu.**




Ódýrt fjármagn tryggir ekki eftirspurn

Vaxtalækkarnir Seðlabankans hafa ekki skilað sér í aukinni fjárfestingu né aukinni eftirspurn eftir útlánnum að því virðist. Hvað varðar framboðshliðina þá hefur vaxtaálag á ný útlán til fyrirtækja hækkað síðasta árið eða svo, bæði vegna endurverðlagningar en einnig ber að hafa í huga að stýrivextir Seðlabankans endurspeglar ekki fjármögnunarkostnað bankanna. Ódýrt fjármagn tryggir hins vegar ekki eftirspurn, sérstaklega þegar fyrirtæki landsins berjast mörg hver í bökkum.

Útlán bankakerfisins til fyrirtækja og hefðbundin atvinnuvegafjárfesting - ma. kr. á nafnvirði, tólf mánaða hlaupandi meðaltal




Áætlaðar tekjur fyrirtækja á 2F 2020 samanborið við 2F 2019 – spurningarkönnun meðal forsvarsmanna aðildarfyrirtækja SA




Vaxtalækkunar hafa glætt áhuga á húsnæðis kaupum

Vaxtalækkunar Seðlabankans hafa skilað sér vel til heimila og hafa vextir á íbúðalánum lækkað snarpt undanfarnar vikur. Vaxtalækkunirnar hafa vafalaust stutt við húsnæðismarkaðinn að undanfögnu og átt sinn þátt í þeirri viðhorfsbreytingu sem mælist í nýjstu könnun HMS.


Óverðtryggðir breytilegir vextir íbúðalána



Hversu líklegt/ólíklegt er að þú kaupir þér fasteign á næstu 6 mánuðum? *




Hversu hagstætt/óhagstætt telur þú að það sé að kaupa íbúðarhúsnæði á Íslandi um þessar mundir?




Húsnæðisverð gefur eftir á haustmánuðum og fjárfesting dregst saman

Samdráttur í íbúðafjárfestingu í ár er að miklu leyti til kominn vegna grunnáhrifa, en mikill vöxtur mældist í fyrra sem, vegna mælingarvanda, endurspeglar ekki endilega íbúðir í byggingu. Samkvæmt talningu SI mælist 11% samdráttur í íbúðum í byggingu á höfuðborgarsvæðinu og nágrennasveitarfélögum milli ára í mars og er samdrátturinn mestur á fyrstu byggingarstigið þökkalega hátt.

Íbúðafjárfesting – í ma.kr. á verðlagi ársins 2020



Húsnæðisverð – breyting milli ársmeðaltala




- Reiknað er með að mikið atvinnuleysi og slaki í hagkerfinu, ásamt nýjum eignum sem eru að koma á markað, lækki húsnæðisverð tímabundið.
- Fréttir af húsnæðismarkaði að undanfögnu draga hins vegar dóm af lækkandi vaxtastigi og **benda til þess að markaðurinn gæti reynst kraftmeiri en hér er spáð**. Að fjárfesta í steinsteypu hefur lengi verið greypt í þjóðarsálina og mun lágvaxtaumhverfi dagsins í dag eflaust auka aðdráttarafi fasteigna sem fjárfestingarkosts.



Fjárfesting gefur eftir, þriðja árið í röð

Samdráttur í fjárfestingu atvinnuveganna vegur þyngst en samdráttur íbúðafjárfestingar leggst á sömu sveif. Mikill vöxtur í skipa- og flugvéla fjárfestingu er fyrst og fremst til kominn vegna grunnáhrifa, þ.e.a.s. vegna flugvélasölu WOW air í upphafi síðasta árs. Lágt vaxtastig og viðsnúningur hagkerfisins á næsta ári styðja við atvinnuvegafjárfestingu, en hún fer engu að síður hægt af stað.

Fjárfesting – framlag undirliða




Efnahagsaðgerðir ríkisins og Seðlabankans milda höggið


Strax í mars stigu ríkisstjórnin og Seðlabankinn fram af krafti. Síðan þá hafa bæði ráðherrar og seðlabankastjóri lagt áherslu á að gripið verði til allra nauðsynlegra úrræða í þeim tilgangi að styðja hagkerfið og milda höggið.

- Ólíkt mörgum nágrannaríkjum okkar áttu opinberir aðilar mikið þúður í tunnunni þegar faraldurinn skall á og býr hagkerfið vel að því.
- Frá byrjun marsmánaðar hefur **Seðlabankinn** lækkað vexti um tvö prósentustig, afnumið sveiflujöfnunaraukann á fjármálafyrirtæki, lækkað bindiskyldu á innlánsstofnanir, hætt að bjóða upp á 1 mánaðar bundin innlán og hafið kaup á ríkisskuldabréfum.
- Þó aðgerðir Seðlabankans leggi sitt af mörkum **ber ríkið hitann og þungann þegar kemur að því að verja íslenskt atvinnulíf**. Af þeim aðgerðum sem ríkisstjórnin hefur gripið til ber helst að nefna hlutastarfaleiðina, frestun skattgreiðslna og greiðslu á hluta launakostnaðar atvinnurekanda á uppsagnarfresti.
- **Umfang aðgerðarpakka ríkisstjórnarinnar nemur 350 ma.kr. þegar þetta er skrifað.**

Umfang aðgerðarpakka ríkisstjórnarinnar - ma.kr.




Meginvextir Seðlabanka Íslands




Ríkið fyrirferðarmikið, en hve mikið mun fara fyrir Seðlabankanum?

Fjármögnun á halla ríkissjóðs eykur verulega framboð ríkisskuldabréfa í ár. Seðlabankinn hefur blásið til magnbundinnar íhlutunar (QE) m.a. til að draga úr þeim þrýstingi sem lánsfjárbörf ríkisins hefur á vaxtastig og tryggja miðlun peningastefnunnar eftir vaxtaferlinum.

Nettó uppsöfnuð útgáfa ríkissjóðs 2020 – m.v. útgáfudag í ma.kr.



Innstæður ríkissjóðs í Seðlabankanum – ma.kr.



Tekjur ríkissjóðs munu dragast saman í ár og útgjöld aukast. Sviðsmyndir gera ráð fyrir að halli ríkissjóðs í ár gæti orðið um 300 ma.kr. Það sem af er ári hefur ríkissjóður samtals gefið út nettó skuldabréf og víxla fyrir um 204 ma.kr, mest víxla og skuldabréf á gjalddaga á næsta ári. Þá gaf ríkissjóður út 76 ma. skuldabréf í EUR í lok maí. Lausafjárstaða ríkissjóðs hefur því styrkst með skammtímafjármögnun, aðallega í krónum. **Þegar betri mynd fæst á skuldastöðuna eftir COVID-19 mun ríkissjóður væntanlega ákveða hversu mikillar langtímalántöku er þörf.**

Framboð á skuldabréfum ríkissjóðs ræður miklu um þróun langtímaxaxta og að hve miklu leyti því framboði verður mætt með kaupum Seðlabankans. Kaup Seðlabankans á skuldabréfamarkaði hafa verið í mýflugumynd og hefur ávöxtunarkrafa lengstu flokka ríkisbréfa hækkað um u.þ.b. 30 punkta frá því strax eftir 75 punkta vaxtalækkun 20. maí og er aftur komin á svipaðar slóðir og þá. Halli vaxtaferils ríkisbréfa á markaði er nú orðinn sögulega mikill. **Eftir því sem hallinn er meiri þeim mun minni áhrif hafa stýrivextir á fjárfestingu og einkaneyslu.**




Sparifé á eftir að venjast lífi í lágvaxtalandinu

Lækkun vaxta og lokun Seðlabankans á mánaðarlöng bundin innlán stuðlar að lækkun innlánsvaxta og ætti að ýta undir fjárfestingu og neyslu. Þróun innlána gefur til kynna að innlendir sparifjäreigendur eigi eftir að bregðast við nýju vaxtaumhverfi.

Innstæður fjármálafyrirtækja í Seðlabankanum


– ma.kr.




Seðlabankinn hefur bæði lækkað vexti og ýtt bönkum út úr mánaðarlöngum bundnum innlánnum. **Aðgerðirnar lækka vaxtakjörið bankanna hjá Seðlabankanum sem stuðlar að lækkun innlánskjara til fyrirtækja og heimila**, sérstaklega á óbundnum innlánnum, sem hvetja ætti til fjárfestingar og neyslu. Þrátt fyrir vaxtalækkunar hafa innlán vaxið hressilega í ár. Vöxtur í óbundnum innlánnum t.d. frá lífeyrissjóðum kallar á að bankarnir fjárfesti í lausum eignum, t.a.m. innlánnum í Seðlabankanum eða ríkisvixlum.

Mikilvægt er að vaxtalækkunar og aðrar aðgerðir Seðlabankans leiði til þess að sparnaður leiti inn í fjárfestingu og stuðli að veltu í hagkerfinu og örvum þannig efnahagslífið. Þróun innlána gefur til kynna að sparifjäreigendur eigi enn eftir að bregðast við lækkun vaxta – að venjast lífinu í lágvaxtalandinu Íslandi.

Innlán í bankakerfinu í krónum – ma.kr.



Innlán lífeyrissjóða í bankakerfinu – ma.kr. og breyting milli mánaða



Þróun helstu hagstærða

Landsframleiðsla og undirliðir

<i>Breyting frá fyrra ári (%)</i>	2019	2020	2021	2022
Einkaneysla	1,6	-6,6	3,6	3,9
Samneysla	4,1	4,2	0,9	2,3
Fjármunamyndun	-6,3	-11,1	-0,6	2,6
<i>Atvinnuvegafjárfesting</i>	-17,5	-15,8	-0,5	5,2
<i>Fjárfesting í íbúðarhúsnæði</i>	31,2	-14,6	-3,8	7,3
<i>Fjárfesting hins opinbera</i>	-10,4	23,2	5,7	-8,2
Þjóðarútgjöld	-0,1	-4,6	2,1	3,2
Útflutningur vöru og þjónustu	-5,0	-29,5	12,8	10,0
Innflutningur vöru og þjónustu	-9,9	-23,4	8,6	9,7
Verg landsframleiðsla	1,9	-8,2	4,4	3,7



Þróun helstu hagstærða

<i>Hlutfall af VLF (%)</i>	2019	2020	2021	2022
Viðskiptajöfnuður	6,2	1,9	3,4	3,8
Fjárfesting	20,2	19,9	19,2	19,3
<i>Breyting milli ársmeðaltala (%)</i>				
Verðbólga	3,0	2,5	2,5	2,3
Nafnlaun	4,9	6,0	4,2	4,5
Raunlaun	1,8	2,5	1,6	2,1
Húsnæðisverð	3,5	0,3	-0,7	4,4
Raunverð húsnæðis	0,6	-2,2	-3,1	2,0
Raungengi	-6,7	-6,6	0,6	3,5
<i>Ársmeðaltal</i>				
Atvinnuleysi (%)	3,6	8,9	7,6	6,0
EUR/ISK	137	151	152	147



- Kynning þessi er eingöngu ætluð til upplýsinga og er ekki ætluð sem grundvöllur fyrir ákvörðunum móttakanda. Upplýsingar sem fram koma í þessari kynningu fela ekki í sér loforð eða spá um framtíðina. Bankanum ber ekki skylda til að útvega móttakanda aðgang að frekari upplýsingum en þeim sem fram koma í kynningu þessari, eða til að uppfæra þær upplýsingar sem þar koma fram. Bankanum ber ekki skylda til að leiðrétta upplýsingar, reynist þær rangar.
- Upplýsingar um bankann, dótturfélög og hlutdeildarfélög hafa ekki verið staðfestar. Kynning þessi felur ekki í sér tæmandi upplýsingar um bankann, dótturfélög eða hlutdeildarfélög hans.
- Upplýsingar sem fram koma í kynningu þessari eru byggðar á fyrirliggjandi upplýsingum, áætlunum um væntanlega þróun ytri skilyrða o.fl. Eru upplýsingarnar háðar ýmsum óvissuþáttum og geta þær breyst án fyrirvara.
- Bankinn, þ.m.t. hluthafar, stjórnendur, starfsmenn og ráðgjafar þeirra, taka enga ábyrgð á þeim upplýsingum, forsendum og niðurstöðum sem fram koma í kynningunni eða upplýsingum sem eru veittar í tengslum við hana. Munu framangreindir aðilar ekki gefa yfirlýsingar um að upplýsingarnar, forsendurnar og niðurstöðurnar séu nákvæmar, áreiðanlegar eða fullnægjandi og þeir skulu ekki bera skaðabótaábyrgð á tjóni sem rekja má til þess að þær reynist ónákvæmar, óáreiðanlegar eða ófullnægjandi.
- Móttaka þessarar kynningar skal ekki talin fela í sér fjárfestingarráðgjöf af hálfu bankans.
- Með móttöku þessarar kynningar fellst móttakandi á framangreindan ábyrgðarfyrirvara.

